Samþykkt þann

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Fh. Kristján Þórarinsson

Úr Gildi




AFSTÖÐUMYND 1:500

GREINARGERÐ:
Um er að ræða 29 herbergja hótel við Strandgötu 50a.
Þjóðskrárnúmer: 122422 og staðgreinir 84000501
Sótt er um samþykki á teikningum af viðbyggingu við Strandgötu 50a.
Húsið er nú hótel og er þar móttaka, setustofa, herbergi, þvottaaðstaða, herbergi húsvarðar, veitingarsalur, lítill bar og salernisaðstaða.
Um er að ræða tvíþætt rými í viðbyggingunni, annarsvegar móttöku fyrir gesti sem stoppa stutt og er þá gengið inn frá Strandgötu inn í svokallaðan "Helli". Hinsvegar er um að ræða framlengingu á veitingasal fyrir 40 hótelgesti, þar sem núverandi salur er full lítill þar sem færa þarf salerni og bar svo hægt sé að koma fyrir lyftu í eldra rými þar sem salerni er nú.

BYGGINGARLÝSING:
Núverandi hús er með 300 mm staðsteypta veggi einangraða að utan með 75 mm þéttull í timburgrind og þar á kemur timburklæðning. Frágangur við glugga, flasningar og vatnsbretti eru og skulu vera gerðar með lituðum galvaniseruðu blikki. Allt timbur skal tryggilega fúavarið. Þar sem timbur kemur að steypu skal slitið í milli með tjörupappa. Allur saumur og aðrar stálfestingar skulu vera galvaniseraðar eða úr rústfríu stáli.
Hæðarskil eru staðsteypt og einangruð. Þak er einangrað sperruþak úr hefðbundnum byggingarefnum sem uppfyllir byggingarreglugerðir.
"Hellirinn" verður á milli húss og "Hamars" og er uppbyggður af steyptum stoðveggjum einangruðum að innan og límtré með (utan frá) sarnafil-dúk, þá vatnsvörðum krossvið, einangrun, rakavörn og klæðningu. Utanhúsklæðning verður grjót og jarðvegur en þak, undirlag og innanhúsklæðning verður úr hefðbundnum byggingarefnum sem uppfylla byggingarreglugerðir.
Allar klæðningar viðbyggingar verða í flokki 1.
Hamarsveggur verður látinn standa sýnilegur inní rýminu og verður vatn frá honum leitt að lítilli tjörn við innganginn, frágangur milli þaks og "Hamars" verða flasningar með niðurföllum. Þak verður klætt með sarnafil-dúk og einangrað að innan, þá rakavörn og klæðning.
Veitingarsalur verður byggður upp á sama hátt og núverandi hús, staðsteyptir veggir einangraðir að utan með timburklæðningu. Svalir verða á þaki yfir "Helli" og nytast sem neyðarútgangar frá efri hæð.

ÖRYGGISÞÆTTIR:
Í húsinu skal vera viðurkennt brunaviðvörunarkerfi sem tengt er vaktstöð.
Allar hurðir að megin brunahólfum skulu vera með segulloka sem tengdur er brunaviðvörunarkerfi hússins.
Eldvarnarbúnaður og slökkvitæki skulu staðsetjast í samráði við slökkvilið.
Allar yfirborðsklæðningar eru í flokki 1.
Öll baðherbergi skulu vera loftræst á vélrænan hátt.
Fólkslyfta milli hæða skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar, gr. 201.1
Lyftustokkur skal vera loftræstur.

NB. Í HÚSINU SKAL VERA NEYÐARLÝSING SAMKVÆMT GREIN 160,1 Í BYGGINGARREGLUGERÐ, NEYÐARLÝSING OG ÚTILJÓS.
LÓÐARSTÆRÐ =2.508,9 m2
MATSHLUTI:
Brúttó flatarmál alls =790,0 m2,
Brúttar ó rúmmál alls =2.418,2m3,
Nýtingarhlutfall= 790,0 / 2.508,9 = 0.3
Bílastæði á lóð = 22stk.,(þar af 2 fyrir fatlaða)
Kvöð er um umferð um bílastæði.

Byggingin uppfylli kröfur um eftirfarandi gildi, skv. byggingarreglugerð:
Þak; 0.2 W/m2K
Útveggur; 0.4 W/m2k
Gluggar ; 2.0 W/m2K
Gólf á fyllingu; 0.3 W/m2K
Útveggir, vegið meðaltal; 0.85

C:
B:
A:
BREYTINGAR: DAGS:

LYKILMYND:




VERKKAUPI:

FJÖRUKRÁIN ehf.
VIKING HOTEL.
Strandgötu 50a.
220 Hafnarfirði.

BYGGINGARHLUTI: HELLIR

AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTÖÐUMYND

| | | | |
|---|---|---|---|
| VERK: | FJOR-0408 | TEIKNINGANR: | A-0100 |
| KVARÐI: | 1:500 | TEIKNAÐ: | ÞMM |
| DAGS: | 01.01.2004. | SKRÁ: | FJOR-HELLIR.DWG |

ÚTI INNI
A R K I T E K T A R
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMAR 5527660 & 5627660 FAX 5527661
NETFANG ul@ul.is
VEFFANG http://www.ul.is
BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FAÍ
120357-5149
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FAÍ
021256-7579

A-0100

S:\A-verkefni\Fjör 0410\Teikningar\DWG\A-0100.dwg, 8.11.2004 18:06:09, A1